

Úrskurður
úrskurðarnefndar raforkumála
í máli nr. 1/2025,
kæra RARIK
á ákvörðun Orkustofnunar

Þann 20. maí 2025 kvað úrskurðarnefnd raforkumála upp eftirfarandi úrskurð vegna kæru RARIK (kærandi), dags. 7. janúar 2025, á ákvörðun Raforkueftirlits Orkustofnunar (Raforkueftirlitið) nr. 11/2024, frá 9. desember 2024. Málið hefur fengið númerið 1/2025.

I. Kæruefni og kröfur aðila

Í máli þessu er kærð ákvörðun Raforkueftirlitsins nr. 11/2024, frá 9. desember 2024, vegna lokunargjalds kæranda við lokun á neysluveitum. N1 Rafmagn (N1) kvartaði til Raforkueftirlitsins yfir lokunargjaldi sem kærandi innheimtir af sölufyrirtækinu. Til ársins 2022 hafi kærandi séð um að stöðva raforkuafhendingu til almennra notenda sem vanræki að greiða fyrir raforku, auk þess að innheimta lokunargjald. Með gjaldskrárbreytingu hafi kærandi árið 2022 farið að senda N1 reikninga vegna lokana sem framkvæmdar voru af kæranda að beiðni N1, þrátt fyrir að engar breytingar hefðu átt sér stað á raforkulögum eða reglugerð nr. 1150/2019. Með hinni kærðu ákvörðun taldi Raforkueftirlitið kæranda hafa brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 20. gr. raforkulaga og 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, um raforkuviðskipti og mælingar, með því að innheimta lokunargjald af sölufyrirtækjum raforku vegna lokunaraðgerða á neysluveitu notanda sem standi í vanskilum við sölufyrirtæki.

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Af hálfu Raforkueftirlitsins og N1 er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II. Málsvik

Ágreiningur máls þessa snýr að breytingu kæranda á gjaldskrá sinni þar sem kveðið er á um að innheimta lokunargjöld vegna vanskila notenda hjá söluaðilum en ekki notendum, eins og verið hafi áður í gjaldskrá. Lokun á neysluveitu fer fram að beiðni sölufyrirtækis og er vegna vanskila notanda við sölufyrirtæki. Í hinni kærðu ákvörðun er komist að þeirri niðurstöðu að innheimta kæranda á lokunargjaldi hjá sölufyrirtæki brjóti í bága við raforkulög og ákvæði reglugerðar nr. 1150/2019, um raforkuviðskipti og mælingar.

III. Málsástæður og rök kæranda

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Kærandi gerir verulegar athugasemdir við málsmeðferð Raforkueftirlitsins og þann tíma sem tekið hafi að fá niðurstöðu í málinu. Tafir og óskýrleiki um stöðu málsins hafi gert kæranda erfitt um vik að gæta andmælaréttar síns sem óhjákvæmilega hafi haft áhrif á efni og inntak kærunnar. Orkustofnun (nú Raforkueftirlitið) hafi þann 22. ágúst 2022, upplýst kæranda um kvörtun N1 vegna innheimtu kæranda á lokunargjöldum hjá söluaðilum, þegar sölufyrirtæki óski eftir að kærandi loki fyrir tiltekna neysluveitur. Óskað hafi verið eftir nánar tilgreindum upplýsingum frá kæranda sem hann hafi svarað þann 9. september 2022. Kærandi hafi ekki fengið neinar upplýsingar um stöðu málsins fyrr en með tölvubréfi þann 26. júní 2024, þar sem kæranda var send kvörtun N1 sem hafi að sögn Raforkueftirlitsins verið efnislega í samræmi við fyrri kvörtun N1. Af reifun þeirrar kvörtunar í hinni kærðu ákvörðun sé hins vegar ljóst að fjölmörg ný sjónarmið hafi komið þar fram af hálfu N1 og fullt tilefni hafi því verið til að upplýsa kæranda um það.

Geti kærandi ekki annað en gert verulegar athugasemdir við málsmeðferð Raforkueftirlitsins í málinu og þann tíma sem tekið hafi að fá niðurstöðu í það.

Málsástæður og lagrök kæranda

Kærandi telur formannmarka vera þar sem við málsmeðferðina hafi hvorki verið gætt að rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga né andmæla-reglu 13. gr. laganna með fullnægjandi hætti. Reglurnar séu nátengdar þar sem í mörgum tilvikum verði mál ekki nægjanlega upplýst nema aðila hafi verið gefinn kostur á að kynna sér gögn máls með fullnægjandi hætti og koma að frekari upplýsingum um málið. Er það mat kæranda að hefði verið gætt með fullnægjandi hætti að andmælarétti hans hefði verið unnt að komast hjá þeirri efnislega röngu niðurstöðu sem hin kærða ákvörðun sé byggð á. Þá telji kærandi að Raforkueftirlitið hafi ekki gætt að lögbundinni leiðbeiningaskyldu stjórnvaldsins, sbr. 7. gr. sömu laga, er Raforkueftirlitið hafi upplýst kæranda um sameiningu málanna og að efni síðari kvörtunar N1 væri sambærilegt þeirri fyrri án frekari skýringa. Jafnframt sé það mat kæranda að Raforkueftirlitið hafi brotið gegn málshraðareglunni, sbr. 9. gr. stjórnsýslulaga, svo og þeim meginreglum stjórnsýsluréttar sem liggi þeim til grundvallar. Formannmarkar þessir séu svo verulegir að mati kæranda að hin kærða ákvörðun sé af þeirri ástæðu ógildanleg.

Hvað varði efnisannmarka þá er í hinni kærðu ákvörðun komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi brotið gegn 1. mgr. 20. gr. raforkulaga og 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, með því að innheimta lokunargjald af sölufyrirtækjum raforku vegna lokunar sem framkvæmd sé að beiðni sölufyrirtækis.

Kærandi hafnar því að innheimta gjaldsins hafi brotið í bága við framangreind ákvæði. Sé það mat kæranda að niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar hafi verið röng og standist ekki lagalega skoðun. Efnisannmarkar hinnar kærðu ákvörðunar séu svo verulegir vegna þessa að hún verði að teljast ógildanleg af þeirri ástæðu. Mótmælir kærandi sérstaklega sjónarmiðum N1 um kostnaðargrundvöll gjaldsins enda hafi kærandi ekki fengið fullnægjandi tækifæri til að koma á framfæri efnislegum athugasemdum við málsmeðferð Raforkueftirlitsins.

Að mati kæranda falli lokun að beiðni sölufyrirtækis ekki undir lögbundnar skyldur dreifiveitna.

Í hinni kærðu ákvörðun virðist á því byggt að lokun dreifiveitu á neysluveitu notanda að beiðni sölufyrirtækis falli undir dreifingarþjónustu. Telur kærandi því rétt að reifa lögbundnar skyldur dreifiveitna, en ekki verði séð að umrædda þjónusta við sölufyrirtæki falli þar undir. Rekur kærandi ákvæði raforkulaga í þessu sambandi og 23. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga. Í hinni kærðu ákvörðun sé bent á að dreifiveita hafi sérleyfi til að reka dreifikerfi sem feli í sér skyldu til að sjá um dreifingu á viðkomandi svæði. Við tengingu notanda við dreifikerfi myndist viðskiptasamband milli dreifiveitu og notanda. Um gjald fyrir þá þjónustu sé mælt fyrir um í gjaldskrá dreifiveitu. Þá telji Raforkueftirlitið ljóst að raforkumælar og mælabúnaður notanda teljist hluti af dreifikerfinu og falli það undir skyldu dreifiveitna á grundvelli 3. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga að mæla raforku sem afhent sé úr dreifikerfinu. Á þeim grundvelli hafi Raforkueftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að það sé ótvírætt á forræði dreifiveitu að bera ábyrgð á mælum og mælabúnaði notanda og þar með aðgerðum sem snúi að þeim búnaði, svo sem opnun og lokun neysluveitna. Kærandi geri í sjálfu sér ekki athugasemd við þessa afstöðu Raforkueftirlitsins, en mótmæli því að í því felist með einhverjum hætti skylda dreifiveitu til að verða við beiðni sölufyrirtækis um lokun vegna vanskila notanda við sölufyrirtæki án greiðslu úr hendi sölufyrirtækis. Slík skylda verði með engum hætti ráðin af framangreindum ákvæðum eða öðrum ákvæðum laganna, ef því sé að skipta.

Kærandi telur innheimtuna samrýmast 20. gr. raforkulaga og 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, en í hinni kærðu ákvörðun hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að innheimta kæranda á endurgjaldi fyrir þjónustu við sölufyrirtæki vegna lokana sé ólöglegt og brjóti í bága við 20. gr. raforkulaga og 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019.

Í 20. gr. raforkulaga sé ekki mælt fyrir um skyldu dreifiveitu til að verða við beiðni sölufyrirtækis um lokun án endurgjalds. Þá verði slíkt ekki ráðið af lögskýringargögnum með ákvæðinu eða í almennum athugasemdum við frumvarpið, sem ítarlega séu reifuð í hinni kærðu ákvörðun, en þar segi nánar um lokunaraðgerð sem sérstakt vanefndarúrræði í raforkuviðskiptum: „Raforka er að mörgu leyti sérstök söluvara. Hún er að jafnaði afhent í órofinni starfsemi og verður raforka því ekki afmörkuð á sama hátt og aðrir áþreifanlegir hlutir. Í ljósi sérstaks eðlis raforku hefur hún verið undanskilin gildissviði kaupalaga. Um kaup og sölu raforku, svo sem vanefndarúrræði, fer því samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar nema sérstakar reglur séu settar. Í því sambandi þykir ástæða til að kveða sérstaklega á um heimildir til að stöðva afhendingu á raforku standi kaupandi ekki í skilum. Viðskipti með raforku fara fram með þeim hætti að notandi gerir samning við sölufyrirtæki um kaup á raforku. Samningurinn getur verið ótímabundinn eða til tiltekins tíma. Allir sem tengdir eru raforkukerfinu eiga rétt á því að nýta bæði flutnings- og dreifikerfi gegn greiðslu samkvæmt auglýstri gjaldskrá. Samningssamband er því almennt annars vegar á milli kaupanda og seljanda og hins vegar á milli seljanda og vinnslu. Samband aðila vegna flutnings og dreifingar byggist almennt á settum reglum. Gert er ráð fyrir því að það sé háð samningi milli söluaðila og dreifiveitu hvernig uppgjóri er háttað þegar söluaðilinn er annar en dreifiveitan. Hvor aðili fyrir sig getur sent notanda reikning fyrir sinni þjónustu en einnig geta aðilar samið sín á milli um að annar þeirra eða þriðji aðili sjái um innheimtu. Reikningsgerðin byggist alltaf á mælingunni sem dreifiveita ber ábyrgð á. Það kann hins vegar að þykja óþarflega flókið og

kostnaðarsamt að reikningsgerð og innheimta sé á tveimur höndum. Af þeim sökum er heimilt að mæla fyrir um tiltekin hátt við uppgjörið í reglugerð“.

Í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar sé ekki sérstaklega fjallað um samband söluaðila og dreifiveitu, þó fjallað sé um það sérstaklega í almennum athugasemdum með frumvarpinu, en þar segi sérstaklega „*Þetta getur verið einn og sami aðilinn. Ef svo er ekki, kunna þessir aðilar að gera samkomulag sín á milli um að annar aðilinn skuli annast innheimtu. Þyki það heppilegt kann einnig að vera mælt fyrir um það í reglugerð að innheimtuhlutverkið skuli vera í höndum seljanda. Söluaðili tilkynnir þá viðkomandi dreifiveitu um sölu til notanda og greiðir dreifiveitunni fyrir flutning og dreifingu samkvæmt gjaldskrá. Standi söluaðili ekki í skilum getur dreifiveita gengið að söluaðilanum en ekki notandanum.*“

Af framangreindu sé m.a. ljóst að sölufyrirtæki annars vegar og dreifiveita hins vegar eigi bæði í sjálfstæðu og gagnkvæmu viðskiptasambandi við notanda um sína vöru og/eða þjónustu. M.ö.o. er gengið út frá því að hvor aðili fyrir sig fái endurgjald fyrir þá þjónustu sem viðkomandi aðili veiti notanda. Hins vegar geti verið viðskipti á milli sölufyrirtækis og dreifiveitu, e.a. samstaf um innheimtu og uppgjör, sem eigi þó ekki að hafa nein áhrif á notandann.

Kærandi hafnar því að ráða megi af lögskýringargögnum að það hafi verið ætlun löggjafans að veita sölufyrirtækjum og dreifiveitu „*sérstakt úrræði til innheimtu í raforkuviðskiptum*“ þar sem um sérstaka söluvöru sé að ræða „*sem gildir framfar almennum reglum samninga- og kröfuréttarins*“. Þvert á móti sé ljóst af lagatextanum sjálfum og lögskýringargögnum að það hafi verið ætlun löggjafans að auka við þegar gildandi vanefndarúrræði með ákvæðinu án þess að útiloka önnur úrræði samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins.

Reglugerð nr. 1150/2019, sé sett á grundvelli reglugerðarheimildar í 3. mgr. 20. gr. raforkulaga. Gagnályktun frá ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, með þeim hætti sem gert sé í hinni kærðu ákvörðun, standist ekki skoðun og brjóti í bága við lagaáskilnaðarreglur stjórnarskrárinnar og lögmatísreglu stjórnarsýsluréttarins.

Ljóst sé af 3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar að aðeins dreifiveitu sé heimilt að loka fyrir neysluveitu. Ágreiningur sé hins vegar um þá afstöðu Raforkueftirlitsins að gagnálykta eigi frá 5. mgr. 11. gr. um „heimild“ dreifiveitu til að innheimta lokunar- og opnunargjöld hjá almennum notanda með þeim hætti að dreifiveitu sé óheimilt að endurkrefja sölufyrirtæki sem óska eftir lokun vegna vanskila notanda við sölufyrirtæki um endurgjald fyrir þjónustuna. Ljóst sé að sú lögskýring standist ekki skoðun að mati kæranda auk þess sem hún brjóti í bága við lagaáskilnaðarreglur stjórnarskrárinnar og lögmatísreglu stjórnarsýsluréttar.

Það sé almenn regla samninga- og kröfuréttar að kröfuhafi eigi rétt á sanngjörnu endurgjaldi úr hendi þess sem óski eftir þjónustu sem viðkomandi hafi sannarlega veitt nema öðruvísi hafi sérstaklega verið samið. Jafnframt sé ljóst að kröfuhafi geti ekki beint kröfu um endurgjald fyrir þjónustu að þriðja aðila nema með samþykki viðkomandi eða skýrri lagaheimild.

Kröfuréttindi séu eignarréttindi sem varin séu af stjórnarskrá. Hafi það verið ætlun löggjafans að takmarka rétt dreifiveitu sem kröfuhafa að þessu leyti til endurgjalds úr hendi sölufyrirtækja, líkt og byggt sé á í hinni kærðu ákvörðun með gagnályktun, hefði að mati kæranda verið nauðsynlegt að mæla með skýrum hætti fyrir um slíkt í lagatextanum sjálfum.

Í fyrrnefndum ákvæðum raforkulaga sé hins vegar hvergi að finna sérreglur sem víki frá þessum almennum reglum kröfuréttar. Þá mótmæli kærandi því sérstaklega að í fyrirmælum reglugerðarheimildarinnar um að mælt skuli fyrir um það nánar í reglugerð *„hvernig skuli staðið að lokun fyrir raforkuafhendingu í raforkuviðskiptum“* geti talist fullnægjandi lagastoð til að takmarka rétt kröfuhafa um rétt endurgjald úr hendi skuldara fyrir umbeðna þjónustu samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Sé það mat kæranda að ekki sé unnt að gagnálykta frá heimild 5. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar með þeim hætti sem gert sé í hinni kærðu ákvörðun sé litið til 2. mgr. 11. gr., svo og ákvæði raforkulaga og almennra reglna kröfuréttar.

Þannig sé ljóst af orðalagi 11. gr. reglugerðarinnar að þó dreifiveita hafi ein heimild til að stöðva raforkuafhendingu að húsi eða íbúð almenns notanda sem vanræki að greiða reikning fyrir sölu, flutning og dreifingu, eða að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 3. mgr., þá sé það sölufyrirtækið sem ákveði að raforkuafhending til almenns notanda skuli stöðvuð þegar um vanskil sé að ræða af hálfu notanda sem það sé í viðskiptum við. Við þær aðstæður sé það sölufyrirtækið sem sendi skriflega beiðni til dreifiveitu um lokun og hvenær hún skuli koma til framkvæmda, ásamt gögnum um ástæður fyrir beiðninni, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Í 2. mgr. sé jafnframt sérstaklega kveðið á um það að sölufyrirtæki beri ekki skylda til að hefja raforkuafhendingu fyrr *„en raforkuskuld ásamt kostnaði vegna stöðvunar raforkuafhendingar hefur verið að fullu greidd eða samið hefur verið um greiðslu“*. Sölufyrirtækið hafi það þannig alfarið í hendi sér að synja notanda um raforkuafhendingu að nýju þar til raforkuskuldin *„ásamt kostnaði vegna stöðvunar hefur verið að fullu greidd“* við þessar aðstæður.

Í 5. mgr. 11. gr. sé mælt fyrir um heimild til innheimtu lokunar- og opnunargjalda hjá almennum notanda sem *„dreifingarþjónusta hefur verið stöðvuð hjá vegna kostnaðar sem af því hlýst“*. Með sama hætti sé mælt fyrir um að dreifiveitu beri ekki skylda til að hefja dreifingarþjónustu fyrr en *„skuld ásamt kostnaði vegna stöðvunar dreifingarþjónustunnar hefur verið að fullu greidd“*. Samkvæmt hefðbundinni orðskýringu verði að líta svo á að heimildin taki til innheimtu lokunar- og opnunargjalda vegna vanskila notanda við dreifiveitu vegna dreifiveitubjónustu. Lokun að beiðni sölufyrirtækis vegna vanskila við það geti ljóslega ekki talist dreifiveitubjónusta við viðkomandi notanda.

Með hliðsjón af framangreindu telji kærandi ljóst af orðalagi 1. og 2. mgr. 11. gr. annars vegar og 5. mgr. 11. gr. hins vegar að ákvæðunum sé ætlað að taka til sitthvors viðskiptasambandsins gagnvart notanda í tengslum við innheimtu og greiðslu kostnaðar við lokun í hvoru tilviki fyrir sig. Þannig hafi verið ætlunin að skilja þar á milli ólíkra viðskiptasambanda, eftir því hvort vanskilin hafi verið við sölufyrirtækið eða dreifiveituna, þó dreifiveitan sé óumdeilanlega í báðum tilvikum framkvæmdaraðili lokunarinnar.

Að sama skapi verði ekki ráðið af orðalagi 5. mgr. 11. gr. að það feli í sér að dreifiveitu sé óheimilt að krefjast endurgreiðslu úr hendi sölufyrirtækis vegna þjónustu sem hún óski eftir á grundvelli ákvæðisins. Kærandi telur ljóst út frá heimild 20. gr. raforkulaga, almennum reglum kröfuréttar og eðli máls að gengið hafi verið út frá því að slík heimild væri fyrir hendi við þessar aðstæður. Að sama skapi verði ekki séð að neitt mæli á móti því að sölufyrirtæki áskili sér rétt í viðskiptaskilmálum til að endurkrefja notendur um þann kostnað sem þeir kunni að verða fyrir vegna lokunaraðgerða við þessar aðstæður.

Ljóst sé að lokun að beiðni sölufyrirtækis sé í eðli sínu þjónusta við viðkomandi sölufyrirtæki en ekki notanda viðkomandi neysluveitu. Verði því ekki séð að ákvæði 17. gr. a raforkulaga eða önnur ákvæði komi í veg fyrir heimild dreifiveitna til að innheimta kostnað fyrir þessa þjónustu við sölufyrirtæki úr hendi þeirra samkvæmt gjaldskrá án sérstakrar heimildar þar um.

Önnur niðurstaða væri að mati kæranda mjög óeðlileg og vart séð að standist lagalega skoðun enda geti dreifiveitur verið látnar sitja uppi með tap vegna kostnaðar af lokunum sem stafi frá einstaka sölufyrirtækjum. Þannig geti einkaleyfisaðilinn með þessari túlkun verið settur í þá stöðu að niðurgreiða samkeppnisrekstur sölufyrirtækja sem samrýmist ekki markmiðum raforkulaga um aðskilnað á milli einkaleyfis og samkeppnisstarfsemi raforkufyrirtækja auk þess sem dreifiveita eigi erfitt með að tryggja fullt jafnræði milli sölufyrirtækja í þessari stöðu, enda fylgi mismunandi kostnaður og tap mismunandi viðskiptum. Í ljósi þessa og í þeim tilgangi að tryggja jafnræði milli sölufyrirtækja sé það mat kæranda að réttast sé að innheimta allan kostnað sem hljótist af þjónustu við viðkomandi sölufyrirtæki. Það sé meginregla sem ekki sé hægt að víkja frá.

Kærandi áréttar loks að engar athugasemdir hafi borist frá Orkustofnun við umræddri verðskrárbreytingu, en verðskrár dreifiveitna séu sendar Orkustofnun fyrir fyrirhugaða gildistöku þeirra.

IV. Athugasemdir N1 og Orkustofnunar

1.

N1 var boðið að koma á framfæri sjónarmiðum vegna kæru og bárust þau þann 31. janúar 2025. Er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Fram kemur að N1 hafi kvartað til Raforkueftirlitsins yfir því að kærandi hafi skyndilega ákveðið, einhliða, að rukka sölufyrirtæki raforku um lokunargjald vegna vanskila notenda við sölufyrirtækin. N1 taldi innheimtu kæranda ólögmdæta enda höfðu engar efnislegar breytingar orðið á lögum eða reglum tengdum lokunargjöldum. Taldi N1 að lokunargjaldi ætti að beina að notanda raforku eins og tíðkast hafi en ekki sölufyrirtæki. Einnig hafi komið í ljós að gjaldið sem kærandi innheimti vegna lokana væri óeðlilega hátt að mati N1.

N1 hafnar því að málsmeðferð Raforkueftirlitsins hafi verið haldin formannmörkum sem leiða eigi til þess að hin kærða ákvörðun sé ógildanleg þegar af þeirri ástæðu. Í hinni kærðu ákvörðun sé ítarlega rakið að kæranda hafi verið veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Engin viðbrögð hafi borist frá kæranda þrátt fyrir ítrekanir þar um. Raforkueftirlitið hafi því réttilega litið svo á að kærandi hefði samþykkt málsmeðferðina og hygðist ekki koma á framfæri frekari andmælum.

N1 telur óumdeilt að kærandi sé dreifiveita og hafi einkarétt til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði. Með lögbundnum einkarétti beri kæranda skylda til að tengja alla við dreifiveitukerfið sem eftir því sækjast, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði og greiði tengigjald. Sölufyrirtæki líkt og N1 annist raforkuviðskipti í heildsölu og smásölu, sbr. 21. tl. 3. gr. raforkulaga, og beri skylda til að útvega þá raforku sem nauðsynleg sé til að unnt sé að standa við orkusölusamninga, tilkynna Raforkueftirlitinu um viðskipti með raforku, ásamt öðrum þeim skyldum sem fram

komi í 1. mgr. 19. gr. raforkulaga. Markmið þessa ákvæðis sé að dreifiveitan fái upplýsingar um hvort opna eigi fyrir dreifingu raforku til tiltekinna notanda eða loka á dreifingu vegna loka viðskipta. Samkvæmt raforkulögum séu sölufyrirtæki því háð atbeina dreifiveitna í öllum sínum raforkuviðskiptum við notendur, enda beri dreifiveitum samkvæmt lögum að sjá um eiginlega dreifingu vörunnar, hvort og þá hvert eigi að dreifa henni.

Stöðvun raforkuafhendingar sé nánar útfærð í 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, um raforkuviðskipti og mælingar, og þar komi fram að sölufyrirtæki geti farið fram á við dreifiveitu að raforkuafhenging til almenns notanda sé stöðvuð, ef um vanskil sé að ræða af hálfu notanda sem sölufyrirtækið sé í viðskiptum við. Dreifiveitan hafi ein heimild til að stöðva raforkudreifingu að húsi eða íbúð almenns notanda sem vanræki að greiða reikning fyrir sölu, flutningi og dreifingu. Dreifiveitur hafi enda forræði á því að bera ábyrgð á mælum og mælabúnaði notanda og aðgerðum sem snúa að þeim búnaði, svo sem við opnun og lokun neysluveitna. Í þessari heimild felist lögbundinn einkaréttur dreifiveitu og sé öðrum óheimilt að sinna þessu hlutverki.

Einnig kemur fram í athugasemdum N1 að þegar almennur notandi hafi vanrækt að greiða reikning eða uppfylla skyldur sínar og dreifiveita hafi stöðvað afhendingu til viðkomandi, sé dreifiveitu heimilt að innheimta sérstök lokunar- og opnunargjöld hjá almennum notanda sem dreifingarþjónusta hafi verið stöðvuð hjá vegna kostnaðar af því sem hljótist fyrir dreifiveituna, sbr. 5. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar.

Dreifiveitum ber að setja sér sérstaka gjaldskrá samkvæmt 17. gr. a raforkulaga. Lokunargjald hafi í gjaldskrá kæranda verið útskýrt með eftirfarandi hætti: „Gjöld til greiðslu kostnaðar við að loka og opna veitu. Dreifiveita annast lokun og opnun hvort heldur vegna vanskila hjá dreifiveitu eða söluaðila“. Með nýrri gjaldskrá kæranda frá 1. janúar 2022, hafi skýringu á lokunargjöldum verið breytt. Sé ekki lengur talað um lokunargjöld heldur lokunaraðgerðir. Þar komi einnig fram að „Greiðsla fyrir aðgerðir að ósk sölufyrirtækis greiðist af viðkomandi sölufyrirtæki. Um er að ræða gjald sem lagt er á sölufyrirtæki til að standa undir kostnaði við lokunarferli sem að það óskar eftir, seinkun á lokunarferli að ósk sölufyrirtækis skoðast sem ný lokunarbeðni“. Hvorki raforkulög né reglugerð nr. 1150/2019, hafi breytt heimildum dreifiveitna til innheimtu lokunargjalda, sbr. 4. og 5. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar, þegar kærandi hafi einhliða tekið ákvörðun um að hefja innheimtu lokunargjalda af sölufyrirtækjum í stað þess að innheimta lokunargjöld af notendum eins og gert hafi verið frá gildistöku reglugerðarinnar og í samræmi við hana.

Að mati N1 liggi heimildir dreifiveitna til innheimtu lokunargjalda af notendum ljóslega fyrir í ákvæðum raforkulaga og reglugerðarinnar. Líta megi til 11. gr. reglugerðarinnar á þann hátt að dreifiveitur hafi einar heimild til að stöðva raforkuafhengingu til notanda. Sölufyrirtæki geti farið fram á við dreifiveitu að raforkuafhenging til almenns notanda sé stöðvuð ef um vanskil sé að ræða af hálfu notanda. Dreifiveitu sé heimilt að innheimta lokunar- og opnunargjöld hjá almennum notanda sem af aðgerðinni stafi. Þetta fyrirkomulag löggjafans sé hvort tveggja eðlilegt og rökrétt að mati N1. Kærandi, eins og aðrar dreifiveitur, sé í lögbundinni einokunarstöðu og almennir notendur á dreifiveitusvæði kæranda verði að eiga við hann viðskipti. N1 stundi hins vegar viðskipti á smásölumarkaði og hafi almennir notendur val um við hvaða smásölufyrirtæki sé skipt. Sölufyrirtæki hafi ekkert ákvörðunarvald þegar komi að

opnun og lokun dreifiveitna, og hvað þá lokunargjaldinu sjálfu, sem sé í engu samræmi við tekjur sölufyrirtækja raforku ef miðað sé við gjaldskrá kæranda.

N1 telur því ljóst að gjaldskrá og innheimta kæranda á lokunargjaldi af sölufyrirtækjum sé hvorki í samræmi við reglugerðina né ákvæði raforkulaga. Gjaldið sé tilkomið vegna ætlaðs kostnaðar kæranda af lokun og N1 hafi hvorki lagalega heimild né aðrar forendur til að sjá um aðgerðina sem slíka eða innheimta af henni gjöld af notendum.

N1 tekur undir sjónarmið í hinum kærða úrskurði um að hvorki 3. mgr. 17. gr. a né 2. mgr. 26. gr. raforkulaga geri ráð fyrir að Raforkueftirlitið staðfesti gjaldskrá kæranda áður en hún taki gildi. Þannig hafi Raforkueftirlitið fullt svigrúm til þess að fjalla um gjaldskrá sem tekið hafi gildi hvort heldur að eigin frumkvæði eða á grundvelli kvörtunar aðila.

2.

Orkustofnun var send kæran til athugasemda og bárust athugasemdir Raforkueftirlits stofnunarinnar (Raforkueftirlitið) þann 14. febrúar 2025. Í athugasemdum Raforkueftirlitsins kemur meðal annars fram að af kæru megi ráða að kærandi sé í grunninn ósammála niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar og þeim málsástæðum og lagarökum sem Raforkueftirlitið byggir á. Þannig sé að mestu leyti byggt á sömu málsástæðum í kæru og gert hafi verið í andmælum kæranda þann 10. september 2022. Af hálfu Raforkueftirlitsins sé ekki talin ástæða til að fara í löngu máli yfir þær málsástæður sem hin kærða ákvörðun byggir á og sé vísað til hennar. Það sé afstaða Raforkueftirlitsins að málatilbúnaður kæranda sé ekki til þess fallinn að breyta afstöðu Raforkueftirlitsins til málsins.

Afstaða kæranda sé skýr um að formannmarkar á málsmeðferð Raforkueftirlitsins séu svo verulegir að hin kærða ákvörðun sé á þeim grundvelli ógildanleg. Raforkueftirlitið tekur að hluta til undir að málshraðareglu 9. gr. stjórnslulaga hafi ekki verið gætt á árunum 2022-2024, en hafni því að aðrar málsmeðferðarreglur stjórnslulaga, s.s. rannsóknarregla, andmælaregla og leiðbeiningaregla, hafi verið brotnar.

Ástæða þess hve langan tíma hafi tekið að leysa úr málinu hafi verið nokkrar samverkandi ástæður, t.a.m. miklar starfsmannabreytingar og mannekla. Grípa hafi þurft til forgangsroðunar og hafi kvörtun N1 orðið að lúta lægri forgangi en brýnni mál, t.a.m. raforkuskortur og jarðhræringar á Reykjanesi. Þegar málsmeðferð hafi hafist að nýju árið 2024 hafi kæranda verið veittar upplýsingar um afdrif málsmeðferðarinnar þann 8. maí 2024, 26. júní 2024, 1. júlí 2024 og 3. september 2024, en engin viðbrögð hafi borist frá kæranda.

Markmið rannsóknarreglu stjórnslulaga og andmælareglu sömu laga sé ekki að öllu leyti það sama því rannsóknarreglunni sé aðallega ætlað að veita öryggi fyrir því að efni ákvörðunar sé bæði löglegt og rétt, en andmælareglunni sé ætlað að veita aðila máls rétt til að hafa áhrif við meðferð og úrlausn málsins og verja hagsmuni sína. Þrátt fyrir að markmið reglnanna sé ekki það sama, þá tengist þær náið þar sem báðar stuðli að því að mál verði betur upplýst og að ákvarðanir stjórnvalda séu byggðar á réttum og fullnægjandi upplýsingum. Málantilbúnaður kæranda sé því ekki til þess fallinn að breyta afstöðu Raforkueftirlitsins til efnislegrar niðurstöðu málsins, þó þau andmæli hefðu borist þegar þeirra hafi verið óskað í þriggja af Raforkueftirlitinu við rannsókn málsins. Raforkueftirlitið telji tómlæti kæranda um að verða við

beiðni Raforkueftirlitsins um afstöðu til nýrrar kvörtunar og sameiningarmála þann 26. júní 2024, 1. júlí 2024 og 3. september 2024, ekki túlkað á þann veg að Raforkueftirlitið hafi brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. og andmælareglu 13. gr. stjórnsýslulaga og það beri á þeim grundvelli að ógilda efnisákvörðun í málinu. Að mati Raforkueftirlitsins hafi þótt ljóst að efnisákvörðun stjórnvaldsins vegna fyrri kvörtunar, dags. 8. ágúst 2022, yrði fordæmisgefandi fyrir efnisákvörðun kvörtunar sem borist hafi 28. maí 2024. Þá stæðu hagsmunir aðila máls því ekki í vegi að málin yrðu rekin saman þar sem um sömu aðila máls hafi verið að ræða í báðum málum.

Leiðbeiningaregla stjórnsýslulaga feli í sér að stjórnvald skuli veita þeim sem til þess leiti nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerti starfssvið þess. Í nauðsynlegri aðstoð felist ekki að veita umfangsmikla og sérfræðilega ráðgjöf, svo sem greina í sundur nýja málsástæður frá eldri málsástæðum og reifa þær fyrir kæranda og meta hvort kæranda beri að svara þeim sérstaklega. Raforkueftirlitið líti svo á að leiðbeiningaskylda 7. gr. stjórnsýslulaga hafi verið uppfyllt þegar Raforkueftirlitið hafi í þriggja benti kæranda á nýja kvörtun og óskað sérstaklega eftir afstöðu á framkominni kvörtun, dags. 28. maí 2024. Raforkueftirlitið hafni því að ógilda eigi hina kærðu ákvörðun á þeim grundvelli.

Loks telji Raforkueftirlitið þá formannmarka sem kærandi vísi til ekki vera þess eðlis að ógilda eigi hina kærðu ákvörðun.

Kærandi virðist byggja á því að lokunaraðgerð dreifiveitu fyrir neysluveitu notanda taki einungis til þess þegar notandi skuldi dreifiveitu fyrir dreifiveitubjónustu en ekki þegar notandi skuldi sölufyrirtæki fyrir raforku sem dreifiveitan sjái um að dreifa frá framleiðanda til notanda í gegnum dreifikerfið. Kærandi mótmælir því að dreifiveitu beri skylda til að verða við beiðni sölufyrirtækis um lokun vegna vanskila notanda við sölufyrirtæki án greiðslu úr hendi sölufyrirtækis. Kærandi telur slíka skyldu með engum hætti ráðin af ákvæðum raforkulaga um skyldur dreifiveitna eða öðrum ákvæðum laganna. Raforkueftirlitið hafni þessari málsástæðu kæranda enda sé það eingöngu á forræði dreifiveitna að framkvæma þá lokunaraðgerð sem mælt sé fyrir um í 1. mgr. 20. gr. raforkulaga, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 1150/20219. Samkvæmt ákvæði 20. gr. raforkulaga taki heimildin bæði til þeirra tilvika þegar notandi hafi vanefnt greiðsluskyldu gagnvart sölufyrirtæki eða dreifiveitu. Um þessa framkvæmd sé nánar kveðið á um í 11. gr. reglugerðarinnar.

Raforkueftirlitið telur skyldu dreifiveitu um að verða við beiðni sölufyrirtækis um að loka fyrir afhendingu til notanda eigi sér stoð í raforkulögum, n.t.t. á grundvelli 1. mgr. 20. gr. raforkulaga, sbr. 11. gr. reglugerðarinnar.

Varðandi viðskiptasamband milli dreifiveitu og sölufyrirtækis, sé það mat Raforkueftirlitsins að slíku sambandi sé ekki fyrir að fara. Skylda dreifiveitu byggi á lagalegum grundvelli og hafi það að markmiði að gæta jafnræðis milli fyrirtækja sem starfi að sölu á raforku. Ekki sé kveðið á um endurgjald fyrir að framkvæma lokunaraðgerð úr hendi sölufyrirtækis, heldur úr hendi notanda. Það skuli túlkað á þann veg að dreifiveita sé ekki að bjóða upp á þjónustu við sölufyrirtækið, heldur að sinna lögbundnu hlutverki.

Kærandi telur rétt að reifa lögbundnar skyldur dreifiveitna til þess að sýna fram á að þjónusta við sölufyrirtæki falli ekki þar undir. Raforkueftirlitið sé í sjálfu sér ekki ósammála þeirri

málsástæðu kæranda, enda þjónusti dreifiveita notanda. Aftur á móti stundi dreifiveita starfsemi sem felist í einkaleyfi til að dreifa raforku frá framleiðanda til notanda og sölufyrirtæki hafi eignarétt á þeirri raforku þar til notandi hafi greitt fyrir. Reglur um starfsemi dreifiveitu séu m.a. settar til þess að gæta að hagsmunum sölufyrirtækja.

Í hinni kærðu ákvörðun sé komist að þeirri niðurstöðu að lokunaraðgerð dreifiveitu falli undir dreifingarþjónustu, en það sé sú þjónusta sem notandi kaupir af dreifiveitu. Orðalag 1. mgr. 20. gr. renni stoð undir þá skýringu þar sem tiltekið sé að loka megi fyrir afhendingu til notanda. Þá segi í 5. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar að dreifiveitu sé heimilt að innheimta gjald hjá notanda fyrir þá aðgerð, þó sölufyrirtæki kunni að biðja um lokunina á grundvelli 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar. Að mati Raforkueftirlitsins sé það lögbundin skylda dreifiveitunnar að verða við beiðni sölufyrirtækis, en dreifiveitunni sé heimilt að innheimta gjald fyrir þær aðgerðir af þjónustubega dreifiveitunnar, sem sé notandi og greiði gjald samkvæmt gjaldskrá. Með öðrum orðum, dreifiveita eigi í viðskiptasambandi við notanda um endurgjald fyrir dreifingarþjónustu en beri lagaleg skylda til að verða við beiðni sölufyrirtækis. Sú skylda byggist á reglum um starfsemi dreifiveitu sem ætlað sé að tryggja jafnræði sölufyrirtækja í raforkuviðskiptum. Þessi heimild söluaðila um að biðja afhendingaraðila að beita stöðvun til kaupanda sé sérstök útfærsla á stöðvunarrétti í raforkuviðskiptum.

Kærandi telur innheimtu á lokunargjaldi hjá sölufyrirtæki samrýmast ákvæðum 1. mgr. 20. gr. raforkulaga og 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019. Í hinni kærðu ákvörðun sé leitast við að skýra heimild dreifiveitu til lokunaraðgerða og gjaldtöku heimild fyrir þeirri aðgerð með því að vísa til þess að raforka sé í eðli sínu sérstök söluvara þar sem hún verði ekki afmörkuð á sama máta og önnur venjuleg vara. Um sé að ræða vöru sem afhent sé í gegnum sérstakt flutnings- og dreifikerfi. Seljandi sé ekki endilega sá sami og framleiðandi og sé það því ekki endilega seljandi sem mati raforku inn á raforkukerfið. Það hafi þá þýðingu að vanefni kaupandi greiðsluskyldu geti seljandi ekki beitt fyrir sig öllum vanefndaúrræðum sem leiða megi af kröfurétti, n.t.t. stöðvunarrétti og haldsrétti, heldur flæði raforkan áfram frá framleiðanda til notanda án þess að sölufyrirtækið geti skrufað fyrir afhendingu á vörunni. Sölufyrirtæki geti því ekki beitt fyrir sig 10. gr. laga um lausafjárkaup um heimild seljanda til að halda eigin greiðslu. Vegna eðli hins selda og hvernig raforka sé afhent geti sölufyrirtæki heldur ekki beitt fyrir sig þeim stöðvunarrétti sem leiði af almennum reglum kröfuréttarins þegar engum lögum eða samningum sé fyrir að fara.

Raforkueftirlitið taki undir með kæranda að vanefndaúrræði 1. mgr. 20. gr., sbr. 11. gr. reglugerðarinnar, sé ekki ætlað að draga úr þeim vanefndaúrræðum sem leiða af almennum reglum kröfuréttarins, og seljandi geti gripið til þegar kaupandi hafi vanefnt greiðsluskyldu. Að því sögðu sé vanefndaúrræði 1. mgr. 20. gr., sbr. 11. gr. reglugerðarinnar sérstakt í samanburði við það sem almennt gangi og gerist í vöruviðskiptum. Í tilviki raforkuviðskipta hafi seljandi ekki umráð á hinu selda og sé því stöðvun á hinu selda eingöngu á forræði dreifiveitu, sbr. 3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar. Af þeim ástæðum sé mælt sérstaklega fyrir um þessa heimild dreifiveitu til að loka fyrir afhendingu hjá notanda þegar vanskil verði við þriðja aðila, þ.e. sölufyrirtæki. Að mati Raforkueftirlitsins þurfi að skýra gjaldheimild dreifiveitu fyrir lokunaraðgerð út frá því að dreifiveita hafi sérleyfi til að afhenda sérstaka söluvöru.

Í hinni kærðu ákvörðun sé vísað til greinargerðar með frumvarpi til raforkulaga þar sem fjallað sé um viðskiptasambönd þeirra aðila sem stundi raforkuviðskipti á raforkumarkaði. Raforkueftirlitið telur að það hafi verið ætlun löggjafans að veita sölufyrirtækjum og dreifiveitu sérstakt úrræði til innheimtu í raforkuviðskiptum þar sem um sérstaka söluvöru sé að ræða og því skuli líta á heimild til að stöðva afhendingu á raforku standi kaupandi ekki í skilum, sem sérreglu sem gildi framar almennum reglum samninga- og kröfuréttarins. Raforkueftirlitið áréttar að seljandi geti beitt öðrum vanefndaúrræðum sem leiði af almennum reglum kröfuréttarins.

Aftur á móti bendir Raforkueftirlitið á að seljandi geti ekki beitt stöðvunarrétti sem leiði af almennum reglum kröfuréttarins. Beiti seljandi notanda öðrum vanefndaúrræðum s.s. dráttarvöxtum, geti notandi hundsáð kröfur sölufyrirtækisins, látið dráttarvexti safnast upp, skipt síðan um sölufyrirtæki á grundvelli 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019. Af þeirri ástæðu sé heimild sölufyrirtækis til að biðja dreifiveitu um að loka fyrir afhendingu hjá notanda skilvirkasta vanefndaúrræðið fyrir sölufyrirtæki í raforkuviðskiptum, þó ekki sé um sérreglu að ræða sem gildi framar almennum reglum samninga- og kröfuréttarins.

Raforkueftirlitið tekur undir með kæranda um að sölufyrirtæki annars vegar og dreifiveita hins vegar eigi bæði í sjálfstæðu og gagnkvæmu viðskiptasambandi við notanda um sína vöru og/eða þjónustu. Raforkueftirlitið hafni því hins vegar að til viðbótar við notanda eigi dreifiveita einnig í viðskiptasambandi við sölufyrirtæki vegna þjónustu í formi innheimtuaðgerða. Skylda dreifiveitu um að verða við beiðni sölufyrirtækis byggji á lagalegum grundvelli. Samband dreifiveitu og sölufyrirtækis einkennist af því að fyrirtækin megi gera samkomulag sín á milli um að annar aðilinn skuli annast innheimtu.

Raforkueftirlitið telur því með vísan til alls framangreinds að hafna beri kröfum kæranda í málinu.

V. Sjónarmið kæranda vegna athugasemda Raforkueftirlitsins og N1

Kæranda voru send andmæli Raforkueftirlitsins og N1 og bárust athugasemdir hans þann 7. mars 2025. Þar kemur m.a. fram að sjónarmiðum Raforkueftirlitsins og N1 sé mótmælt að því marki sem þau séu ósamrýmanleg málatilbúnaði kæranda til stuðnings ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar. Vísar kærandi þar til kæru en telur rétt að áréttu nokkur atriði.

Kærandi telur ljóst að ágreiningur aðila snúi í grundvallaratriðum að því hvort kæranda sé óheimilt með vísan til 20. gr. raforkulaga, sbr. einnig 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, að krefja sölufyrirtæki, sem óski eftir stöðvun á raforkuafhendingu til notanda vegna vanskila, um endurgjald fyrir þá þjónustu úr hendi sölufyrirtækisins. Kærandi áréttar þá afstöðu sína að stöðvun dreifiveitu á raforkuafhendingu til notanda að beiðni sölufyrirtækis sé þjónusta við sölufyrirtæki en ekki lögbundin þjónusta við notendur samkvæmt raforkulögum.

Kærandi hafni því sérstaklega að dreifiveitu sé óheimilt að krefjast endurgreiðslu úr hendi sölufyrirtækis vegna þjónustu sem hún óski eftir á grundvelli ákvæðisins, heldur verði að beina henni til þriðja aðila, þ.e. notanda í þessu tilviki. Slík túlkun standist ekki skoðun né verði séð að heimild standi til þess að þrengja rétt kröfuhafa samkvæmt almennum reglum með svo óljósu reglugerðarákvæði. Að mati kæranda hefði þurft að mæla fyrir um slíka takmörkun með skýrum hætti í lögunum sjálfum hafi það verið ætlun löggjafans, sem ekki hafi verið gert.

Enda þótt dreifiveita hafi ein heimild til að stöðva raforkuafhendingu að húsi eða íbúð almenns notanda sem vanræki að greiða reikning, þá sé það sölufyrirtækið við þessar aðstæður sem ákveði að raforkuafhending til almenns notanda skuli stöðvuð þegar um vanskil sé að ræða af hálfu notanda sem það sé í viðskiptum við. Það sé því sölufyrirtækið sem sendi skriflega beiðni til dreifiveitu um lokun og hvenær hún skuli koma til framkvæmda, ásamt gögnum um ástæður fyrir beiðninni.

Kærandi telur alfarið vera litið fram hjá þeirri staðreynd að í 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar sé sérstaklega kveðið á um að sölufyrirtæki hafi sértakan stöðvunarrétt við þessar aðstæður. Þannig beri sölufyrirtæki ekki skylda til að hefja raforkuafhendingu fyrir „*en raforkuskuld ásamt kostnaði vegna stöðvunar raforkuafhendingar hefur verið að fullu greidd eða samið hefur verið um greiðslu*“. Þannig sé beinlínis gengið út frá því í ákvæðinu að sölufyrirtækið standi undir kostnaði vegna stöðvunar raforkuafhendingar sem það óski eftir samkvæmt 1. mgr. og það eigi rétt á að fá hann endurgreiddan úr hendi notanda ella verði raforkuafhendingu ekki haldið áfram. Þannig hafi sölufyrirtæki það í hendi sér að neita að hefja raforkuafhendingu, með því að óska ekki eftir opnun, að nýju fyrir en skuldin og kostnaður vegna stöðvunarinnar hafi verið greiddur að fullu. Vart verði séð að sölufyrirtæki hefði slíka heimild til að semja um kostnað vegna stöðvunar, sem dreifiveita hafi með réttu lagi lagt út í að beiðni sölufyrirtækis, nema gengið sé út frá því að sölufyrirtæki hafi þegar greitt dreifiveitunni endurgjald fyrir þann kostnað.

Kærandi áréttar að 5. mgr. 11. gr. veiti dreifiveitu heimild til að innheimta lokunargjald frá notanda þegar „*dreifingarþjónusta hefur verið stöðvuð hjá vegna kostnaðar sem af því hlýst*“, en ekki kostnaðar vegna stöðvunar raforkuafhendingar, sbr. 1. og 2. mgr. Með sama hætti og í 2. mgr., sem taki til kostnaðar vegna lokunaraðgerða að beiðni sölufyrirtækis, sé í 5. mgr. mælt fyrir um að dreifiveitu beri ekki skylda til að hefja dreifingarþjónustu fyrir en „*skuld ásamt kostnaði vegna stöðvunar dreifingarþjónustunnar hefur verið að fullu greidd*“.

Samkvæmt hefðbundinni orðskýringu 5. mgr. 11. gr. og samanburðar við aðrar málsgreinar ákvæðisins, telur kærandi að líta verði svo á að heimildin taki til innheimtu lokunar- og opnunargjalda vegna vanskila notanda við dreifiveitu vegna annarrar þjónustu en mælt sé fyrir um í 2. mgr. sama ákvæðis og hér sé fjallað um. Ákvæðunum hafi þannig verið ætlað að taka til sitthvors viðskiptasambandsins gagnvart notanda í tengslum við innheimtu og greiðslu kostnaðar við lokun í hvoru tilviki fyrir sig. Þannig hafi verið ætlunin að skilja á milli ólíkra viðskiptasambanda, eftir því hvort vanskilin hafi verið við sölufyrirtæki eða dreifiveituna, þó dreifiveitan sé óumdeilanlega í báðum tilvikum framkvæmdaraðili lokunarinnar. Viðkomandi sölufyrirtæki geti þá eðli máls samkvæmt í framhaldinu innheimt kostnað vegna hennar beint frá viðskiptavini sínum, enda sé um að ræða kostnað sem verði til vegna vanefnda viðsemjanda hans.

Nálgun Raforkueftirlitsins og N1 geti sett dreifiveitu í þá stöðu að henni beri að verða við beiðni sölufyrirtækis og standa undir kostnaði við lokun vegna vanskila notanda við sölufyrirtæki, og í framhaldinu, fara í innheimtuferli við notanda vegna þessa, og það jafnvel þó viðkomandi notandi kunni t.a.m. eftir sem áður að vera í fullum skilum við dreifiveitu vegna dreifingarþjónustu.

Loks áréttar kærandi fyrri sjónarmið um að dreifiveita rukki sölufyrirtæki fyrir veitta þjónustu sem mælt sé fyrir um í gjaldskrá. Um forsendur og aðdraganda að baki gjaldskrárbreytingunni vísast til athugasemda kæranda við málsmeðferð hinnar kærðu ákvörðunar.

Athugasemdir kæranda voru sendar Raforkueftirlitinu til upplýsinga 7. mars 2025

VI. Frekari sjónarmið N1

Frekari athugasemdir bárust frá N1 og eru þær dags. 19. mars 2025. Þar kemur m.a. fram að mótmælt sé frekari athugasemdum kæranda í heild sinni og nokkur atriði áréttuð.

N1 hafi ítrekað lagt áherslu á almennar reglur kröfuréttar og haldið því fram að sú tilhögun, að dreifiveitur skuli beina kröfum fyrir greiðslu um lokunargjald til almennra notenda, þrengi rétt kröfuhafa samkvæmt almennum reglum.

Áréttað sé einnig að vanefndarúrræði 1. mgr. 20. gr. raforkulaga og 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, dragi ekki úr þeim vanefndarúrræðum sem leiði af almennum reglum kröfuréttar. Kærandi virðist sífellt horfa fram hjá því að raforka sé í eðli sínu sérstök söluvara og hafi löggjafinn af þeim sökum mælt skýrlega fyrir um heimildir dreifiveitna til innheimtu lokunargjalda af almennum notendum.

Þrátt fyrir að það sé sölufyrirtækið sem ákveði að raforkuafhending til almenns notanda skuli stöðvuð þegar um vanskil sé að ræða af hálfu notanda sem það sé í viðskiptum við þá sé dreifiveitum beinlínis óheimilt að afhenda rafmagn til þeirra sem ekki hafi gildan samning við sölufyrirtæki raforku. Þegar almennur notandi standi ekki í skilum við sölufyrirtæki hafi viðkomandi sölufyrirtæki ekkert forræði á því að koma í veg fyrir áframhaldandi notkun á söluvörunni heldur sé það dreifiveitan sem ein hafi heimild til að framkvæma lokun og sé það dreifiveitan sem ein hafi heimild til að innheimta lokunargjöld af almennum notendum. Ákvæði reglugerðarinnar um framangreint séu ótvíræð, enda hafi sölufyrirtæki hvorki heimild né getu til að loka fyrir afhendingu á raforku til almennra notenda sem séu í vanskilum við sölufyrirtæki.

Fullyrðing kæranda um að sölufyrirtæki hafi sérstakan „stöðvunarrétt“ samkvæmt 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar sé marklaus að mati N1. Dreifiveitu beri skylda til afhendingar til þeirra viðskiptavina sem hafi samning við sölufyrirtæki raforku. Sölufyrirtækið hafi ekki „í hendi sér að neita að hefja raforkuafhendingu með því að óska ekki eftir opnun“, enda gæti viðkomandi almennur notandi einfaldlega skipt um sölufyrirtæki raforku þegar hann væri kominn í vanskil við viðkomandi sölufyrirtæki. Í kjölfarið bæri dreifiveitunni þá skylda til að dreifa til hans raforku og væri slík „heimild“ sölufyrirtækis raforku bersýnilega gagnslaus. Með samanburðarskýringu á ákvæðum 11. gr. reglugerðarinnar fáið einnig séð að í ákvæði 2. mgr. 11. gr. felist almennur áskilnaður um að sölufyrirtæki raforku geti samið við sína viðskiptavini vegna vanskila, en beri ekki skylda til að afhenda söluvöruna fyrr en skuld vegna hennar hafi verið greidd, og lokunargjöld til dreifiveitu í þökkabót.

Að mati N1 teljist raforkudreifing til dreifingarþjónustu, sbr. orðalag 1. mgr. 20. gr. raforkulaga og 5. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar.

N1 fái með engu móti séð hvers vegna kærandi hafi tekið einhliða ákvörðun um að bæta inn í gjaldskrá áskilnaði um að innheimta skuli lokunargjald að ósk sölufyrirtækis af

sölufyrirtækjunum sjálfum, löngu eftir að reglugerðin hafi tekið gildi. Telja verði að langflestar beiðnir til dreifiveitna um lokanir komi frá sölufyrirtækjum og því sé óhætt að velta upp hvort kærandi hafi einfaldlega talið þægilegra að innheimta lokunargjöld beint af sölufyrirtækjum, sem séu líklegri til að vera borgunarmenn fyrir reikningum, í stað þess að fylgja skýru reglugerðarákvæði í framkvæmd.

Loks ítrekar N1 fyrri málsástæður og vísar til hinnar kærðu ákvörðunar.

VII. Niðurstaða úrskurðarnefndar raforkumála

1. Almennt

Í máli þessu er annars vegar deilt um hvort málsmeðferð Raforkueftirlitsins hafi verið í samræmi við stjórnarsýslulög og hins vegar hvort kæranda hafi verið heimilt að breyta gjaldskrá sinni og innheimta lokunargjald hjá sölufyrirtæki raforku í stað notanda, eins og verið hafi samkvæmt eldri gjaldskrá kæranda. Í hinni kærðu ákvörðun er komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 20. gr. raforkulaga og 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, með því að innheimta lokunargjald af sölufyrirtækjum raforku vegna lokunaraðgerða á neysluveitu notanda sem standi í vanskilum við sölufyrirtæki.

Kærandi telur bæði form- og efnisannmarka vera á hinni kærðu ákvörðun. Séu þeir svo verulegir að hún sé ógildanleg.

Orkustofnun og N1 krefjast þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Samhengisins vegna er rétt að byrja á að rekja efni ákvæða raforkulaga og reglugerða nr. 1150/2019 og 1040/2005, sem aðilar hafa vísað til máli sínu til stuðnings.

2. Lagaumhverfi

Raforkulög

Ákvæði 1. gr. raforkulaga kveður á um að markmið laganna sé að stuðla að þjóðhagslegu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal m.a. skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.

Í 3. gr. koma fram skilgreiningar. Dreifiveita er fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði. Á því svæði hefur dreifiveitan einkarétt og skyldu til dreifingar raforku. Sölufyrirtæki er fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.

Um gjaldskrá dreifiveitna er fjallað í 17. gr. a og kemur þar fram að hver dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 17. gr. Sama gjaldskrá skal gilda á veitusvæði hvernar dreifiveitu fyrir úttekt á lágspennu, þ.e. 230-400 V spennu, sbr. 1. mgr. Eigi síðar en fjórum vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá dreifiveitu send Raforkueftirlitinu. Telji Raforkueftirlitið framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal það koma athugasemdum á framfæri við dreifiveitu innan tveggja

vikna frá móttöku. Gjaldskrá tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Raforkueftirlitsins, sbr. 3. mgr.

V. kafli fjallar um raforkuviðskipti. Í ákvæði 19. gr. koma fram skyldur sölufyrirtækja. Sölufyrirtæki er m.a. skylt að útvega þá raforku sem nauðsynleg sé til að unnt sé að standa við orkusölusamninga, sbr. 1. tl. 1. mgr. svo og að tilkynna dreifiveitu um upphaf og lok viðskipta við einstaka notendur, sbr. 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna.

Um orkuviðskipti er fjallað í 20. gr. laganna. Í 1. mgr. segir: *Standi orkukaupandi ekki skil á greiðslum til sölufyrirtækis eða dreifiveitu er heimilt að loka fyrir afhendingu á raforku til hans, enda hafi notanda verið tilkynnt skriflega um lokunina með hæfilegum fyrirvara. Telji notandi að sölufyrirtæki standi ekki við skyldur sínar samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim getur hann kvartað til Raforkueftirlitsins.* Samkvæmt 3. mgr. skulu nánari reglur um viðskipti með raforku settar í reglugerð. Í reglugerðinni skal m.a. mæla fyrir um hvernig mælingum og uppgjöri milli vinnslu-, flutnings-, dreifi- og sölufyrirtækja skuli háttað, hvernig staðið skuli að uppgjöri þegar skipt er um raforkusala, hvernig staðið skuli að lokunum fyrir orkuafhendingu, upplýsinga sem birta skuli með reikningum og önnur samskipti dreifiveitna, sölufyrirtækja og notenda.

Reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga kveður á um skyldur dreifiveitna, sbr. 23. gr. Þar kemur fram að dreifiveitu ber að útvega raforku til þeirra notenda á sínu dreifiveitusvæði sem ekki hafi valið eða eigi ekki kost á að velja raforkusala, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, um raforkuviðskipti og mælingar. Um starfsemi og skyldur dreifiveitna, þ.a.m. tengingu við kerfið, mælingar, uppgjör og stöðvun orkuafhendingar fari að öðru leyti samkvæmt efni reglugerða um viðkomandi dreifiveitur, sem í gildi séu við gildistöku reglugerðar þessarar. Um orkuviðskipti er fjallað í 32. gr. Þar kemur fram að standi orkukaupandi ekki skil á greiðslum til sölufyrirtækis eða dreifiveitu sé heimilt að loka fyrir afhendingu á raforku til hans, enda hafi notanda verði tilkynnt skriflega um lokunina með hæfilegum fyrirvara. Telji notandi að sölufyrirtæki standi ekki við skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari geti hann kvartað til Orkustofnunar. Um samskipti dreifiveitna og notenda fari að öðru leyti samkvæmt efni reglugerða um einstakar dreifiveitur sem staðfestar hafi verið af ráðherra fyrir gildistöku reglugerðarinnar og í gildi voru 30. júní 2003.

Reglugerð nr. 1150/2019, um raforkuviðskipti og mælingar, tekur til raforkuviðskipta, þar sem hlutverki, réttindum og skyldum þeirra sem stunda viðskipti með raforku, er lýst. Skilgreiningar koma fram í 2. gr. Almennur notandi er notandi eða þjónustuveitandi sem ekki er stórnotandi eða heildsalar. Notandi er sá sem kaupir raforku til eigin nota. Ábyrgðaraðili mælinga er flutningsfyrirtæki og dreifiveitur. Sölufyrirtæki er fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu. Raforkusölusamningur er samningur milli sölufyrirtækis og viðskiptavinar um sölu hins fyrrnefnda á raforku til hins síðarnefnda. Tengisamningur dreifiveitu er heimtaugaumsókn eða sérstakur samningur dreifiveitu við almennan notanda eða vinnslufyrirtæki um tengingu þess aðila við dreifikerfið, dreifingu raforku, mælingu hennar eða aðra þjónustu tengda afhendingarstað raforkunnar.

Um skyldur raforkufyrirtækja er fjallað í II. kafla. Í ákvæði 4. gr. er kveðið á um skyldur sölufyrirtækja. Ber þeim skylda til að afla þeirrar orku sem þau endurselji og tryggja að jafnvægi sé milli orkuöflunar og orkusölu á hverjum tíma. Sölufyrirtæki ber skylda til að afhenda

viðskiptavini, sem er heildsali eða notandi rafmagns, raforku í samræmi við raforkusölusamning. Í því skyni ber sölufyrirtækjum m.a. að gera raforkusölusamning við viðskiptavini, standa skil á innheimtum gjöldum vegna flutnings- og dreifingarþjónustu til dreifiveitna, í þeim tilvikum sem sölufyrirtæki sér um þá innheimtu, og innheimta eftir atvikum, greiðslur fyrir ofangreinda kostnaðarliði hjá viðskiptavinum. Ákvæði 6. gr. fjallar um skyldur dreifiveitna. Í III. kafla er fjallað um raforkuviðskipti. Forsenda raforkuviðskipta almennra notenda er að viðkomandi sé skráður viðskiptavinur dreifiveitu á tilteknum notkunarstað, að neysluveita hans sé tengd dreifikerfinu og að hann hafi gert raforkusölusamning við sölufyrirtæki. Raforkusölusamningur er ekki bundinn notkunarstað, sbr. 7. gr.

Við tengingu neysluveitu kemst á tengisamningur milli dreifiveitu og almenns notanda. Upplýsingar um samningsskilmála dreifiveitna, gjaldskrá, og þar með talið kostnað við að loka og opna veitu, skulu ætíð vera aðgengilegar notendum. Heimilt er að vísa til rafrænna upplýsingar á heimasíðu viðkomandi dreifiveitu, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Dreifiveita skal upplýsa notendur um að það sé forsenda viðskipta við dreifiveitu að þeir séu með gildan raforkusölusamning við sölufyrirtæki, sbr. 3. mgr. Komi upp þær aðstæður að almennur notandi hefur ekki gert raforkusölusamning við sölufyrirtæki, viðkomandi er ekki með gildan raforkusölusamning við notendaskipti, sbr. 3. mgr., en er engu að síður með virka neysluveitu, ber dreifiveitu að setja hann í viðskipti við það sölufyrirtæki sem síðast var skráð á viðkomandi neysluveitu. Samtímis skal dreifiveita senda notanda skriflega viðvörðun um stöðvun raforkuafhendingar í samræmi við 3. mgr. 11. gr. Hafi notandi ekki gert samning við söluaðila að 30 dögum liðnum frá viðvörðun er dreifiveitu heimilt að stöðva raforkuafhendingu til viðkomandi.

Um stöðvun raforkuafhendingar er fjallað í 11. gr. reglugerðarinnar. Sölufyrirtæki getur farið fram á við dreifiveitu að raforkuafhending til almenns notanda sé stöðvuð, ef um vanskil er að ræða af hálfu notanda sem hann er í viðskiptum við. Sölufyrirtæki skal senda dreifiveitu skriflega beiðni um lokun og hvenær hún skuli koma til framkvæmda, ásamt gögnum um ástæður fyrir beiðni um lokun, sbr. 1. mgr.

Dreifiveita ein hefur heimild til að stöðva raforkuafhendingu að húsi eða íbúð almenns notanda sem vanrækir að greiða reikning fyrir sölu, flutning og dreifingu, eða að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir gjalddaga og að undangenginni skriflegri viðvörðun, sem send skal til notanda með 30 daga fyrirvara. Dreifiveita ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar. Stöðvun orkuafhendingar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við dreifiveitu, sbr. 3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar.

Dreifiveitu er heimilt að innheimta lokunar- og opnunargjöld hjá almennum notanda sem dreifingarþjónusta hefur verið stöðvuð hjá vegna kostnaðar sem af því hlýst. Dreifiveitu ber ekki skylda til að hefja dreifingarþjónustu fyrr en skuld ásamt kostnaði vegna stöðvunar dreifingarþjónustunnar hefur verið að fullu greidd, sbr. 5. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar.

Um aðfararheimild er fjallað í 13. gr. Gjöld fyrir raforku svo og gjöld fyrir flutning og dreifingu, sem innheimt eru í samræmi við gjaldskrár, eru aðfarahæf án dóms eða sáttar, skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga. Heimilt er að stöðva afhendingu raforku ef ekki er staðið í skilum með greiðslu gjalda fyrir sölu, flutning og dreifingu, skv. þessari grein.

Mál þetta hófst árið 2022 með kvörtun N1 til Raforkueftirlitsins vegna gjaldskrárbreytingar kæranda. Málsmeðferð hjá Raforkueftirlitinu virðist þó ekki hafa hafist að fullu fyrir en síðari kvörtun N1 barst um mitt ár 2024. Kærandi telur hana ekki hafa verið efnislega í samræmi við fyrri kvörtun. Einnig telur kærandi leiðbeiningar- og rannsóknarreglu stjórnsýslulaga hafa verið brotna, svo og andmælareglu auk reglu um málshraða. Raforkueftirlitið tekur undir með kæranda að ekki hafi verið gætt að málshraðareglu 9. gr. stjórnsýslulaga. Hafi það helgast af manneklu og forgangsroðun verkefna. Hvað varðar brot á öðrum reglum stjórnsýslulaga, s.s. rannsóknarreglu, andmælareglu og leiðbeiningareglu, hafnar Raforkueftirlitið að þær hafi verið brotnar. Við rannsókn málsins hafi verið óskað eftir afstöðu kæranda í þriggja til nýrrar kvörtunar, án þess að kærandi hafi orðið við því.

Samkvæmt 7. gr. stjórnsýslulaga ber stjórnvaldi að veita þær leiðbeiningar sem nauðsynlegar eru til að aðili geti gætt hagsmuna sinna. Kærandi var upplýstur um fyrri kvörtun N1 og óskað var eftir nánar tilgreindum upplýsingum frá honum sem hann og sendi. Síðari kvörtun N1 var einnig send kæranda. Kærandi er dreifiveita þar sem starfa sérfræðingar á ýmsum sviðum. Ætla má að kærandi búi yfir ríkari sérþekkingu fyrir vikið á þeim lögum og reglum sem hann starfar samkvæmt, þ.e. raforkulögum og reglum settum samkvæmt þeim. Í því ljósi fellst nefndin ekki á með kæranda að Raforkueftirlitið hafi brotið gegn leiðbeiningareglu stjórnsýslulaga með því að hafa ekki veitt kæranda sérstakar leiðbeiningar um efni kvartana N1, umfram það að áframsenda þær til kæranda.

Um rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar er fjallað í 10. gr. stjórnsýslulaga sem kveður á um að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun sé tekin. Í því felst að fyrir liggi upplýsingar um málsatvik og aflað sé nauðsynlegra gagna. Kæranda voru, eins og fyrir segir sendar kvartanir N1 auk þess sem annars vegar var kallað eftir nánari upplýsingum sem kærandi veitti. Hins vegar var í þriggja óskað eftir afstöðu kæranda til síðari kvörtunarinnar, án árangurs. Þegar af þeirri ástæðu telur nefndin að Raforkueftirlitið hafi uppfyllt rannsóknarskyldu sína samkvæmt 10. gr. stjórnsýslulaga.

Þá telur kærandi að brotið hafi verið gegn málshraðareglunni en skv. 9. gr. stjórnsýslulaga skulu ákvarðanir teknar svo fljótt sem unnt er. Mál þetta hófst með kvörtun N1 árið 2022 til Raforkueftirlitsins sem tók hina kærðu ákvörðun þann 9. desember 2024, eða um tveimur árum síðar. Rekur Raforkueftirlitið ástæðu þessa dráttar til manneklu og forgangsroðunar verkefna. Drátturinn hafi þó aðeins varðað hagsmuni kvartanda, þar sem innheimta lokunargjalds hjá kvartanda hafi hafist með gjaldskrárbreytingu kæranda árið 2022. Heimild er í stjórnsýslulögum til að kæra óhæfilegan drátt á afgreiðslu máls en það var ekki gert. Nefndin tekur undir með aðilum máls um að meðferð þess hafi dregist verulega hjá Raforkueftirlitinu. Að mati nefndarinnar eru afleiðingar þess þó ekki þess eðlis að varði ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar.

Kærandi er dreifiveita og á honum hvílir lögbundin skylda til þess að dreifa raforku til notenda á viðkomandi dreifiveitusvæði en hann hefur einkarétt fyrir dreifingu á sínu svæði. Dreifiveitu ber að byggja upp dreifikerfið á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis og mæla þá raforku sem hún afhendir. Hún setur sér gjaldskrá vegna þjónustu sem skal vera í samræmi við tekjumörk dreifiveitunnar. N1 er sölufyrirtæki og til að tryggja að jafnvægi sé milli orkuöflunar og orkusölu á hverjum tíma ber því skylda til að afhenda viðskiptavinum raforku í samræmi við raforkusölusamning.

Fram til ársins 2022 sá kærandi um að stöðva raforkuafhendingu til almennra notenda sem vanrækt höfðu að greiða fyrir raforku, auk þess að innheimta kostnað við lokunaraðgerðir hjá notandanum. Þær breytingar urðu hins vegar á þessu fyrirkomulagi árið 2022 þegar kærandi breytti gjaldskrá sinni og hóf að innheimta lokunargjald hjá sölufyrirtækjum. Í gjaldskrá kæranda frá 1. mars 2025, er kveðið á um lokunaraðgerðir í lið 24. Þar segir: „*Gjöld til greiðslu kostnaðar við að loka og opna veitu. RARIK annast lokun og opnun vegna vanskila við RARIK eða söluaðila. Greiðsla fyrir aðgerðir að ósk sölufyrirtækis greiðist af viðkomandi sölufyrirtæki. Um er að ræða gjald sem að lagt er á sölufyrirtæki til að standa undir kostnaði við lokunarkerfi sem það óskar eftir, seinkun á lokunarkerfi að ósk sölufyrirtækis skoðast sem ný lokunarbeiðni*“.


Efnislegur ágreiningur í máli þessu snýr að því hjá hvorum beri að innheimta lokunargjald vegna vanskila notanda, sölufyrirtæki eða notanda. Óumdeilt er að dreifiveitu er heimilt að loka fyrir afhendingu rafmagns, standi orkukaupandi ekki skil á greiðslu til sölufyrirtækis, sbr. 20. gr. raforkulaga og tekur það bæði til vanskila notanda gagnvart seljanda og dreifiveitu. Í athugasemdum við greinina í frumvarpi til raforkulaga er vísað til þess að um sérstaka söluvöru sé að ræða þar sem afhending hennar fer fram í órofinni starfsemi en raforka er þess eðlis að seljandi hefur ekki umráð hins selda. Raforkulög kveða hins vegar ekki á um hvort skuli innheimta lokunargjald hjá söluaðila eða notanda, í þeim tilvikum er dreifiveita beittir lokunaraðgerðum.


Dreifiveita hefur, eins og fyrr segir, ein heimild til að stöðva raforkuafhendingu að húsi eða íbúð almenns notanda sem vanrækir að greiða reikning fyrir sölu, flutning og dreifingu, sbr. 3. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019. Hún hefur einnig ein heimild til að innheimta lokunar- og opnunargjöld vegna kostnaðar sem af því hlýst, sbr. 5. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar. Í samræmi við þetta er í gjaldskrá kæranda mælt fyrir um gjald fyrir opnun og lokun neysluveitu vegna vanskila við sölufyrirtæki og ber honum einnig að upplýsa notanda um lokunargjald. Sölufyrirtæki hefur hins vegar ekki úrræði til að stöðva dreifingu raforku til notanda vegna vanskila hans heldur þarf að snúa sér til dreifiveitu með beiðni þar um. Lokun fyrir afhendingu raforku felur í sér að dreifingarþjónusta er stöðvuð og snýr af þeim sökum beint að sambandi dreifiveitu og notandans enda ber dreifiveitu að upplýsa notanda um lokunina sbr. 1. mgr. 20. gr. raforkulaga og lokunargjald skv. 6. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019. Verður dreifing og sala raforku því ekki aðskilin þegar lokunaraðgerðum dreifiveitu er beitt sem vanefndaúrræði vegna sölu á raforku. Þá rennir 3. og 5. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 stoðum undir þá skýringu að dreifiveita hafi eingöngu heimild til að innheimta lokunargjald vegna vanskila við sölufyrirtækið, hjá notanda.


Á grundvelli framangreinds ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun um að kærandi hafi ekki haft heimild til að innheimta lokunargjald af sölufyrirtæki vegna lokunar á neysluveitu notanda sem er í vanskilum við sölufyrirtækið.

Úrskurðarorð

Hin kærða ákvörðun, nr. 11/2024, frá 9. desember 2024, um innheimtu lokunargjalds RARIK vegna lokunaraðgerða á neysluveitu, er staðfest.


Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir (sign)
formaður


Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir (sign)


Ragnar Jóhann Jónsson (sign)